

Ed. 835. Tillaga til þingsályktunar

út af athugasemd við landsreikninginn.

Flm.: Magnús Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að gera gangskör að því að finna, í hverju liggur mismunur á landsreikningi fyrir 1933 og reikningum Alþingis fyrir það ár, sem um getur í 13. athugasemd yfirskoðunarmanna Alþingis.

G r e i n a r g e r ð .

Athugasemd sú, sem um ræðir, er á þessa leið: „Samkvæmt reikningi Alþingis hefir verið greitt úr ríkissjóði til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar LR. kr. 316306.66. En samkv. LR. hafa verið greiddar í þessu skyni kr. 316454.96, eða kr. 148.30 meira. Þrátt fyrir talsverða eftirgrennslan og samanburð hefir yfirskoðunarmönnum ekki tekizt að finna, í hverju þessi munur liggur.“

Svar ráðherra er á þessa leið: „Athugasemdin er rétt, en þar sem hærri upphæðin hefir verið greidd og er tilfærð í landsreikningi, og ekki tekizt að finna, í hverju mismunurinn liggur, má væntanlega við svo búið standa.“

Yfirskoðunarmönnum þótti ekki þetta svar fullnægjandi, og þó að það liggi að visu fyrir, að fundizt hafa skilagreinar fyrir allri fjárhæð þeirri, sem til er greind á landsreikningi, þá er þó ófært að fá ekki upplýst, í hverju þessi munur liggur, og því er þessi tillaga flutt.